# Fréttapíp

FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA · Desember 2021 · Nr. 16

### Merkur gripur afhentur Muna- og minjanefnd Félags pípulagningameistara til varðveislu:

# Snittvél smíðuð úr Skoda gírkassa



*Hilmar Hjartarson og Þorgeir Kristófersson, nefndarmenn Muna- og minjanefndar FP.*

**Þann 26. ágúst 2020 fóru Þorgeir Kristófersson í Rennsli og Hilmar Hjartarson frá Muna- og minjanefndar FP, að líta á merkan grip, sem er snittvél eða öllu heldur Þræll sem hefur óvænta sögu að baki. Vél þessi var í vörslu Agnars Jónssonar vélvirkja að Digranesheiði 8, í Kópavogi þar sem faðir hans Jón Agnarsson vélsmiður hefur rekið alhliða vélaverkstæði áratugum saman; Bifvélaverkstæði Jóns Agnarssonar.**

Vélin er hugverk og smíði Jóns á árabilinu milli 1982-1984 þegar hann tók að sér mikla lagnavinnu varðandi Gúmívinnustofuna og Barðann að Skútuvogi 2. Bróðir hans Ingvar Agnarsson var þá eigandi þessara fyrirtækja og oft var verið að breyta lögnum fyrir loft, vegna nýrra tækja, svo ekki sé talað um er Ingvar kaupir Barðann þá þurfti að leggja að öllum nýju tækjunum þar s.s. affelgunarvélum, sólningarvélum lyftum og felgubolta skrúfvélum. Jón byrjaði að handsnitta en það reyndist erfitt fyrir mann kominn hátt á sjötugsaldurinn.

Á þessum tíma lágu snittvélar ekki á lausu. Jón fékk þá hugmyndina að smíða bara snittvél sjálfur (þræl), byggða fyrir handsnittið. Hann byggir vélina á Skoda gírkassa sem hefur fjórar skiptingar (hraðask.),

*– Framhald greinar á bls. 4.*

**Mannvirkjaskrá – Ný sýn á húsnæðismarkaðinn** – Bls. 4

**Gunnar fjallar um vinnustaðanám** – Sjá bl. 8




## Aðalfundur Félags pípulagningameistara 2021



Sjá umfjöllun á bls. 2, 3 & 4






# Frá Aðalfundi Félags pípulagningameistara 2021








## Set ehf. kaupir Dælur og þjónustu

Set ehf. hefur keypt fyrirtækið Dælur og þjónusta sem síðast var í eigu Ísfells. Dælur og þjónusta er gamalgróið fyrirtæki sem þjónað hefur innlendum markaði í fjölmörgum atvinnugreinum. Hjalti Þorsteinsson (á mynd að ofan) starfaði lengi hjá Dælum og þjónustu, hefur verið ráðinn sölu- og rekstrar-stjóri í Vöruhúsi Set í Reykjavík. Set mun bjóða lausnir og búnað frá viðurkenndum fyrirtækjum á sviði dælutækni, ásamt ýmsum öðrum hliðarvörum með framleiðslu fyrirtækisins og sérsmíði. Tæknideild Set hefur í vaxandi mæli komið að hönnun og þróun lausna fyrir veitustofnanir og fyrirtæki um leið og plastsmíða- og véltæknideildir fyrirtækisins hafa byggt upp véltækni og mikla reynslu í smíði á flóknum búnaði.


**Fréttapíp**
FRÉTTARIT FÉLAGS PÍPULAGNINGAMEISTARA

**Fréttarit og kynningarblað Félags pípulagningameistara.** Blaðinu er dreift til félagsmanna FP. Fréttapípi er einnig dreift inn á helstu Verkfræði- og Arkitektastofur, Byggingafulltrúa og á Innkaupastofnanir bæjarfélaga, til Ríkiskaupa og fleiri aðila sem koma að mannvirkjagerð, viðhaldsverkefnum og breytingum.
Útg.: Samfélagsmiðlar Akka ehf. Ritstjóri: Guðjón Smári, sími 898 4337.







*Að venju var svo boðið upp á drykki og huggulegar veitingar í fundarhléi. Eins búast mátti við gerðu fundarmenn veitingunum góð skil.*



*Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður FP flutti skýrslu stjórnar*



*Trausti Guðjónsson sá um fundarstjórn af kunnri röggsemi.*



*Hilmar Hjartarson fór yfir starf Muna- og minjanefndar.*



*Kári Samúelsson fór yfir ársreikninga og reikninga Styrktar- og sjúkrasjóðs*

**Boðað var til aðalfundar Félags pípulagningameistara þann 10. júní sl. sem er seinna á árinu en venja er í eðlilegu árferði; veiran djarfa snertir jú líf pípulagningameistara rétt eins og líf landsmanna almennt. Allt um það. Pípulagningameistarar streymdu til fundar sal í Fóstbræðrahgeimilisins að Langholtvegi 109, kl. 18:00.**

Böðvar Ingi Gubjartsson, formaður Félags pípulagningameista tók á móti mönnum. Böðvar setti síðan fundinn og gerði tillögu um Trausta Guðjónsson sem fundarstjóra; var það samþykkt samhljóða.
Trausti tók síðan við stjórn fundarins og ver gengið til auglýstrar dagskrár. Kári Samúelsson kom fyrst í ræðustól fór yfir reikninga félagsins, ásamt reikningum Sjúkra- og Styrktarsjóðs, sem hafa nú verið sameinaðir í einn ársreikning.
Trausti bar síðan upp reikningana sem voru samþykktir samhljóða. Þá kom Kári aftur upp og gerði grein fyrir fjárhagsáætlun fyrir næsta starfsár. Næst kom Almar Gunnarsson í pontu og fór yfir fyrirliggjandi tillögur að lagabreytingum. Var síðan gert fundarhlé og gengið til veitinga og drykkjafanga.
Að loknu fundarhléi var gengið til kosninga í stjórn, nefndir og aðrar trúnaðarstöður félags Ssjá mynd af stjórninni á bls. 5.
Að þessu loknu kom Böðvar Ingi í ræðustól og fór yfir minnisblöð frá lögfræðingum um réttindi til fyrirtækjareksturs á sviði pípulagninga, sem skal óumdeilanlega vera undir handleiðslu pípulagningameistara. Böðvar kvað stjórn félagsins eihuga um að fara að lögum í aðgerðum sínum og gæta í hvívetna réttar félagsmanna sinna. Ákveðið er að taka á hverju máli fyrir sig. Leggja síðan fram kærur þar sem við á. Miklar umræður sköpuðust meðal fundarmanna um þessi mál, enda um að ræða stórt hagsmunamál félagsmanna.
Næst ræddi Böðvar Ingi hugsanlega inngöngu Félags pípulagningameistara í samtök iðnaðarins. Kom fram í máli hans að hann, ásamt Almari Gunnarssyni hafi heimsótt lögfræðinga SI til skrafs um plúsa og mínusa, utan- og innan SI. Var síðan lögð fram tillaga um að hefja viðræður við SI um inngöngu félagsins. Aðalfundur mun fá málið til nánari umfjöllunar 2022.
Böðvar Ingi kynnti tillögu um sérstaka stefnumótunarhelgi. Var formleg tillaga þar um samþykkt. Verði slíkur fundur áformaður með haustinu, ef veiruástand gefur kost á því. Hilmar Hjartarson og Þorgeir Kristjánsson, sögðu frá gjöf til Minja- og munanefndar; forláta snittvél úr Skoda gírkassa (sjá frétt á forsíðu). Fundi slitið.







# Nýr maður í brúnni hjá Borgarplasti

Matthías Matthíasson hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Borgarplasts. Hann mun leggja sérstaka áherslu á sölu- og útflutning en hann býr yfir mikilli reynslu á því sviði.



Borgarplast framleiðir fiskikör og frauðkassa fyrir fiskvinnslur og ýmsar fráveitulausnir; ss. brunna, rotþrær & olíuskiljur.

# Snittvél úr Skoda gírkassa

*– framhald greinar af forsíðu.*



er rafdrifin, með rofa, sem gefur vélinni afl ýmist áfram eða afturábak. Patrónan framan á vélinni sem rörið er fest í er tengd við drifið sem áður snéri hjólum Skodans. Mismunadrifið varð að fjarlægja til að opna leiðina gegnum drifbúnaðinn í kassanum. Reim frá rafmótornum ofan á vélinni, snýr öxlinum sem bílvélin áður snéri. Vélin getur tekið rör upp í 1¼ tommu. Fætur fylgja (stöðugrind, sjá mynd).
Agnar Jónsson afhenti minjanefndarmönnum umrædda vél til varðveislu og eignar 28. ágúst 2020. Vonandi fær þessi gripur varanlega varðveislu sem gæti minnt pípulagningamenn framtíðarinnar á hugmyndaauðgi og verkkunnáttu er á reynir.

Örfáar upplýsingar um þennan mæta mann. Jón Agnarsson var fæddur að Steinstúni við Norðurfjörð í Árneshreppi 24. júlí 1916, hann lést 26. apríl 2015, þá tæplega 99. ára. Hann lærði vélsmíði á vélaverkstæði Guðmundar Sigurðssonar á Þingeyri. Jón var sannkallaður völundur varðandi sitt fag og hugmyndaríkur, var afkastamikill á sinni löngu ævi, smíðaði ma. kappaskurðarvél fyrir dekk, breytti bensínvélum í díselvélar og ótalmargt annað lék í höndum hans. Þá smíðaði hann 5 manna bíl frá grunni með yfirbyggingu úr áli. Hann hóf smíðina bílsins 1960. Var hann tilbúinn á götuna 1967. Bíll þessi er enn til, (nú í uppgerð). Kannski er Jón sá eini sem það hefur gert hér á landi? Einkabíl keypti Jón 1943, Oldsmobil 1926 er hann átti og notaði alla sína tíð meðan hann mátti aka, eða til 95. ára aldurs. Bílprófið tók Jón á Oldsmóinn, þurfti að aka einn lítin hring í Reykjavík og prófið klárt.
Einu sinni tók Jón einkabílinn í frumeiningar og gerði sem nýjan. Bíll þessi er enn betri en nýr, í topp lagi, nú í eigu sonar Jóns, Agnars Jónssonar.






# Mannvirkjaskrá veitir nýja sýn á húsnæðismarkaðinn

**Ný Mannvirkjaskrá hefur nú formlega verið tekin í notkun og mun hún auðvelda yfirsýn yfir húsnæðismarkaðinn. Áætlanir munu verða markvissari og gerir hún mögulegt að koma í veg fyrir ýktar sveiflur með verðhækkunum á fasteignamarkaði með tilheyrandi verðbólguáhrifum.**

Loksins er nú komin nákvæm skráning á einum stað sem mun auðvelda yfirsýn á húsnæðismarkaði. Byggingar fá auðkennisnúmer sem leysir ýmsan vanda.
Vandamál hafa skapast við niðurrif bygginga, flutning á þeim, talningu og flokkun eftir byggingastigum þar sem byggingar höfðu ekki auðkennisnúmer.
Hingað til hafa eingöngu lóðir og fasteignahlutar haft sérstakt númer til auðkenningar og ekki aðgengilegar upplýsingar þar um á einum stað fram til þessa.
Tilkoma þessa nýja gagnagrunns er til mikilla bóta fyrir almenning og yfirvöld. Með tilkomu hans verður hægt að fá upplýsingar um allar íbúðir og húsnæði á landinu á einum stað.
Fram til þessa hefur sá háttur verð hafður á í Reykjavíkurborg t.d. að starfsmaður Samtaka iðnaðarins hefur farið um borg og bý tvisvar á ári og hreinlega talið íbúðir og húsnæði í byggingu.
Fyrir utan skráningu á fastanúmeri og staðsetningu eigna eru ýmsar aðrar upplýsingar fyrirliggjandi í Mannvirkjaskránni. Má þar meðal annars nefna arkitekta- og verkfræðiteikningar og allar lagnateikningar, svo eitthvað sé nefnt. Er ekki að efa að fagmeistarar byggingariðnaðarins munu áreiðanlega taka Mannvirkjaskránni fagnandi, sjá hms.is




IÐAN fræðslusetur
**ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ**

**Raki og mygla í húsum 3:**
**Rakaöryggi við hönnun og framkvæmd**

**Byggingamenn:** Námskeið fyrir aðila sem koma að nýbyggingum eða viðhaldi mannvirkja og hafa lokið námsk. ***Raki og mygla I og II.*** Markmiðið er að þátttakendur afli sér þekkingar til þess að fyrirbyggja eða lágmarka áhættu á rakaskemmdum við hönnun og framkvæmd bygginga. Farið verður yfir hvað ber að varast við hönnun og framkvæmd og hvað er gott. Á námskeiðinu er gert ráð fyrir virkri þátttöku þeirra sem taka þátt í umræðum varðandi lausnir. Kennslan fer mikið fram með myndum, yfirferð deilihönnunar, yfirferð rakaflæðis í byggingarhlutum, efnisval og vinnubrögð.

**Námskeiðið hefst fimmtudaginn 17. febrúar 2022, kl. 13:00-17:00. Lengd: 4 klukkustundir.**

**Kennarar:** Sylgja D. Sigurjónsd., líffræðingur, Eiríkur Á. Magnúss., byggingaverkfræðingur

**Staðs.:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20.

**Tengil.:** Ólafur Ástgeirss., olafurast@idan.is




# Stjórn Félags pípulagninga-meistara starfsárið 2021-2022

***Á myndinni hér að ofan eru samankomnir félagar í Félagi pípulagningameistara sem kosnir voru í stjórn félagsins fyrir starfsárið 2021-2022.***
***Á myndinni eru talið frá vinstri:***
***Almar Gnnarsson, stjórnnarmaður, Ársæll Páll Óskarsson, ritari, Böðvar Ingi Guðbjartsson, formaður, Ægir Eyberg Helgason, varaformaður, Kári Samúelsson, gjaldkeri og Guðjón Valdimarsson, varamaður.***









SB Pípulagnir ehf – pípulagnaþjónusta – skipaþjónusta
Ósabakki 13 - 109 Reykjavík - GSM 898 1870
Netfang stefanbr@simnet.is

Mjög lagnir ehf.
Kópavogsbraut 62
200 Kópavogi
GSM 661 3338
& 853 0273
mjoglagnir@gmail.com
MJÖG LAGNIR

Bubbi Pípari ehf.
Lyngbergi 23 – 221 Hafnarfirði
GSM 897 7946
bubbipipari@simnet.is

RÖRLEGGJARINN ehf.
Garðhúsum 55 - 112 Reykjavík
GSM 820 9396 - rorleggjarinn@gmail.com

S.O.S lagnir ehf.
S.Ó.S. lagnir ehf.
Bíldshöfða 18 - 110 Reykjavík - sos@soslagnir.is
GSM 693 9000

Villi pípari ehf
GSM: 8240434
Suðurhraun 4 - 210 Garðabær - villi@villipipari.is

Benni pípari ehf
Pípulagningaverktaki
Bolafæti 9 – 260 Reykjanesbæ
GSM 842 6000
bennipip@simnet.is

AH PÍPULAGNIR
AH pípulagnir ehf.
- Suðurhrauni 12c
- 210 Garðabæ
- Sími 555 7012
- GSM. 822 7100
andres@pipulagnir.is

E. VILJAR PÍPULAGNIR OG GAS
E. VILJAR ehf.
Birkiholti 4 -
225 Garðabæ
GSM 616 9611
eviljar@eviljar.is

Press lagnir ehf
Presslagnir ehf.
Funafold 29 - 112 Reykjavík
GSM 898 5112 - presslagnir@simnet.is

RENNSLI ehf.
pípulagnir • sími 696 8054
Akralind 1 - 201 Kópavogur
GSM: 696 8054 - rennsli@rennsli.is

lagnaafl
Hjörleifur Björnsson, löggiltur pípulagningameistari
Almannakór 6 – 203 Kópavogi
GSM 856 5525 – hjolli@lagnaafl.is

GG LAGNIR ehf
PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
stofnað 1988
Fosshálsi 27-29 - 110 Reykjavík - Sími 517 8870
www.gglagnir.is - gglagnir@gglagnir.is

PÍPULAGNIR SAMÚELS & KÁRA EHF

MIÐSTÖÐIN
Miðstöðin Vestmannaeyjum ehf.
Strandvegi 30 - 900 Vestmannaeyjar
Sími 481 1475
midstodin@midstodin.is

HÚSA LAGNIR PÍPULAGNINGAÞJÓNUSTA
Húsalagnir ehf.
Pípulagningaþjónusta
Gylfaflöt 20 -
112 Reykjavík
GSM 893 3632
husalagnir@simnet.is

Landslagnir ehf.
Hyrjarhöfði 2 - 112 Reykjavík – GSM 897 4746 og
GSM 896 2908 - landslagnir@landslagnir.is
Landslagnir pípulagnir

litlalagna.is
LITLA LAGNAÞJÓNUSTAN

HS pípulagnir
HS pípulagnir ehf.
Smiðjuvegur 4
200 Kópavogi
GSM 894 0088
hspip@hive.is

króm og hvítt
Króm og Hvítt ehf. - Álaleyru 7 - 780 Höfn
Sími 478 2099 - GSM. 861 0291
kromoghvitt@simnet.is

PÍPULAGNIR
Fagmennska – Færni - Frumkvæði
srr@iav.is - GSM: 660 6201

Tröllalagnir ehf.
Jón Auðunn Sigurjónsson
pípulagningameistari
Auðnukór 3 – 203 Kópavogur
GSM: 896 9418 - jon.sig@mi.is

Pípulagnir
Elvars G Kristinssonar ehf.
Jöklafold 2 - 112 Reykjavík
GSM 892 9421 - ellipip@simnet.is

Gaui píp ehf
Skipasundi 1 - 104 Reykjavík
GSM 821 5789 - gauipipari@gmail.com

Vatn og pípur ehf.
Sigurður Úlfar Sigurðsson
pípulagningameistari
Skjólbraut 3a - 200 Kópavogi
GSM 788 044 – vatnogpipur@gmail.com

STOFNLAGNIR PÍPULAGNAÞJÓNUSTA
Stofnlagnir ehf.
Fossaleyni 16 - 112 Reykjavík
GSM 660 0499 - wc@islandia.is

SP pípulagnir ehf.
Dalhúsum 103 - 112 Reykjavík - GSM. 893 0585
Sigurdur.pipari@gmail.com

## LÖGGILDINGU Í ÍSLENSKUM BYGGINGARIÐNAÐI


**Fosslagnir ehf.**
FOSSLAGNIR ehf. pípulagnir
Sæbólsbraut 31 - 200 Kópavogi
GSM 894 1576 - fosslagnir@hotmail.com

**HP Lagnir ehf.**
Esjubraut 17 - 300 Akranesi
GSM 820 3722
hppipulagnir@gmail.com
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGA-MEISTARI

**Vatnstækni ehf**
Færir þér yl í bæinn
Furuvellir 32 – 221 Hafnarfirði - vatnstaekni@gmail.com
GSM 888 1878 & 888 1898

**Meistaralagnir ehf**
Pípulagnir S: 893 9110
Bæjarflöt 8A – 112 Reykjavík
GSM: 893 9110 – meistaralagnir@gmail.com

**Viking Lagnir**
ARNÓR DAVÍÐ PÉTURSSON
Kvíslatunga 29 – 270 Mosfellsbæ
GSM 618 4131 – vikinglagnir@gmail.com

**Lagnalist ehf.**
Skógarási 6 - 110 Reykjavík
GSM 898 0517
lagnalist@gmail.com

**JOHNNY PÍPARI**
Mávanesi 13 - 210 Garðabæ
GSM 896 2874 - johnny210gbr@hotmail.com

**FANNDALSLAGNIR ehf**
pípulagningaverktaki - s. 691-5698
Austurvegi 22 - 240 Grindavík
GSM 691 5698 - jonfanndal@simnet.is

**Viðhaldslagnir ehf.**
Svavar Örn Halldórsson
PÍPULAGNINGAMEISTARI
GSM 698 2247
viðhaldslagnir@gmail@com

**Lagnabræður ehf.**
Blikaási 5 – 221 Hafnarfirði
GSM 663 7200
postur@lagnabraedur.is
Lagnabræður ehf

PIPCO
8616688
johannesgylfi@icloud.com
Nýlagnir
Endurlagnir
Viðhald
Ástandskönnun
Skolpmyndavél
Hitamyndavél
Stíflulosun
Jóhannes Gylfi Ólafsson
löggiltur pípulagningameistari

**PípuLeggjarinn**
Alltaf hress – Til í allt!
Nýlagnir - Breytingar - Viðhald - Gaslagnir
Símar: 897 8775 - 775 2111 - pipuleggjarinn@gmail.com

**LAGNAVIRKJUN ehf.**
LÖGGILTUR PÍPULAGNINGAMEISTARI
Bæjargil 63 - 210 Garðabær
GSM: 847 7128 - lagnavirkjun@internet.is

**UNDRALAGNIR ehf.**
Þúfulækur 9 - 800 Selfossi
undralagnir@gmail@com
UNDRALAGNIR
ÖLL ALMENN PÍPULAGNINGAÞJÓNSTA
GSM 848 4768

**GK ÞJÓNUSTA ehf.**
Kári Hilmarsson vélvirkja- & pípulagningameistari
Nestúni 5 - 340 Stykkishólmi
GSM 869 3164 - gkthjonusta@gmail.com

**FLÆÐI Pípulagnir ehf.**
MAGNÚS Á. MAGNÚSSON
PÍPULAGNINGAMEISTARI
Flæði pípulaginir ehf.
Svæði - 620 Dalvík - S. 466 1401/898 5524
maggisvaedi@simnet.is

**vatnsidnadur.net**
Gagnagrunnur – Þekking – Saga
vatnsidnadur@vatnsidnadur.net

GRUNDFOS


Þekking og
traust samstarf
í áratugi

ÍSLEIFUR JÓNSSON
Draghálsi 14 -16 · Sími 4 12 12 00 · www.isleifur.is

ALFA LAVAL


**Gunnar Sigurjónsson, pípulagningameistari og kennari:**

# Vinnustaðanám – A og B píparar



*Gunnar Sigurjónsson, pípulagningameistari og kennari í pípulögnum við Tækniskólann.*

**Nú nýverið var sett reglugerð sem kveður á um að nemum sem ekki komast á samning bjóðist að taka námið innan skólans. Þetta þýðir að skólinn verður ábyrgur fyrir nemanum en ekki einstakur meistari eins og þekkst hefur fram til þessa. Það þýðir þó ekki að fyrra kerfi detti út heldur er þetta hugsað sem viðbót við meistarakerfið sem við þekkjum svo vel.**

Um þessar mundir er mikil aðsókn í námið og margir sem sækja um nemapláss. Það verða alltaf einhverjir nemar sem komast ekki í vinnu og því á að reyna að búa þeim pláss með þessari ráðstöfun. Við höfum haft norðurlöndin að fyrirmynd þegar námið er skipulagt hér og nú er akkúrat sama umræða í gangi í Noregi. Þetta fyrirkomulag er í bígerð þar líka og ekki eru allir sáttir við það. Í fréttabréfi Norska meistarafélagins birtist nýverið grein sem fjallar um þetta mál og þar er niðurstaðan á þann veg að við þessa breytingu verði til tvenns konar píparar. Svokallaðir A og B píparar. Í greininni er rakið hversu gott það er að samningstíminn sé um 2 ár en ekki 1 ár eins og í mörgum öðrum greinum. Það er margt sem gerist á vinnustaðnum sem tekur lengri tíma fyrir nema að meðtaka. Þar er rætt um að flestir fái samning sem kæra sig um en það hefur reyndar verið erfiðara að komast á samning þar en hér á Íslandi lengi. Samkvæmt norsku samtökunum er tvennt sem helst kemur í veg fyrir að nemendur fái samning. Annars vegar er það tungumálakunnátta, en eins og við vitum er mikið af innflytjendum í Noregi og þeir harðir á að allir á vinnumarkaði tali tungumálið, og hins vegar er það vilji til að læra.

Nemi sem færi skólaleiðina nær ekki sömu tengingu við fagið og sá sem tekur út námstíma á vinnustað og kæmi þar af leiðandi ekki jafnvel út að námi loknu og fengi á sig stimpilinn B pípari.

Við þurfum að sjá hvernig þetta kemur út þegar byrjað verður að vinna eftir þessu kerfi hér en það er ljóst að við erum að horfa fram á sama umhverfi og fjallað er um í þessari grein.

**Linkur á greinina:**
***https://www.rornorge.no/artikler/2021/vi-trenger-ikke-a--og-b-rorleggere/?fbclid=IwAR3Sbbutv_QRvgNog-5MxdX_zK-kRiRW8VLRBwCvZ277C9IhyKaQxtRb952g***


**ÁHUGAVERÐ NÁMSKEIÐ**
IÐAN
fræðslusetur

## SketchUp – Staðnám

**Byggingarmenn:** Þetta námskeið er ætlað öllum sem vilja rissa upp teikningar og setja upp í þrívídd. Teikniforritið SketchUp er ótrúlega einfalt í notkun og allir geta nálgast það ókeypis á netinu. Markmið námskeiðsins er að kenna þátttakendum undirstöðuatriði í notkun forritsins, helstu skipanir og aðgerðir. Á námskeiðinu eru unnin þrjú einföld verkefni sem gefa góða mynd af notkun forritsins.
**Hefst föstudag 25. Febrúar 2022 kl. 13:00.**
**25. febrúar kl. 13:00-18:00. Laugard. 26. febrúar kl. 09:00-15:00.**
**Lengd:** 11 klukkustundir. **Kennari:** Björn Jóhannsson, landslagsarkitekt. **Staðsetning:** IÐAN fræðslusetur, Vatnagörðum 20, Reykjavík.
**Tengiliður:** Ólafur Ástgeirsson, olafurast@idan.is.






# Veruleg verðmæti liggja í brotajárni og góðmálmum

**Endurvinnsla er sífellt mikilvægari fyrir umhverfið, að ekki sé talað um framtíðina á jörðinni okkar. Hugsunarháttur og mat á því hvað rusl er hefur breyst. Má segja að nú sé mögulegt að endurvinna stóran hluta þess sem áður var almennt urðað sem sorp. Hverskonar málmar sem til falla t.d. í byggingariðnaði, vegna breytinga, húsarifa og fleiri þátta, teljast nú til verðmæta; umtalsverð verðmæti liggja því í brotamálmi og góðmálmum sem til falla.**

**Til frekari upplýsingar birtum við hér til hliðar verðskrá yfir verð sem Hringrás greiðir fyrir helstu málma. Nánari upplýsingar er að finna á hringras.is:**

---

**SKILMÁLAR OG LEIÐBEININGAR:**
Leitið tilboða ef um verulegt magn er að ræða.
Please seek offers from for large quantities of materials.
*Verð sem greitt er fyrir er efni sem komið er með í port Hringrásar
*Prices above are for materials delivered at our facilities
Ekki greitt fyrir hjólbarða/brotajárn nema komið sé með meira en 300 kg
No payments made for tires or scrap metals unless weight exceeds 300 kg

**Verðskrá – Verð pr kg. án VSK/Price per kg. excl. VAT:**

| | |
|---|---|
| Ál (+ Álfelgur)/ Aluminum | 75 kr. |
| Ál -steypa o <= 2% járn / Aluminum cast | 45 kr. |
| Ál svarf | 40 kr. |
| Ál-kaplar / Aluminum cables | 15 kr. |
| Prent-ál / Aluminum litho | 120 kr. |
| Brotajárn flokkur #1-2 / Scrap metals 1st – 2nd grade | 8 kr. |
| Brotajárn flokkur #3 (T.d. Spilliefnalaus bílflök) / Scrap metals 3rd grade | 6 kr. |
| Blý / Lead | 115 kr. |
| Vatnskassa / Elements | 30 kr. |
| Hjólbarðar / Tires (5 kr. ef við sækjum) | 8 kr. |
| Kaplar / Cables | 65 kr. |
| Hreinn kopar (Millberry) / Millberry copper | 550 kr. |
| Kopar, eir / Copper | 500 kr. |
| Látun, messing, brons / Brass | 350 kr. |
| Rafgeymar / Car batteries | 10 kr. |
| Rafmótorar / Electric motors | 50 kr. |
| Ryðfrítt stál / Stainless steel | 110 kr. |
| Ryðfrítt svarf | 40 kr. |
| Zink / Zinc | 75 kr. |
| Hvarfakútar pr stk. / Catalytic converters | 5.000 – 10.000 kr. |

# CLOACINA – Saga fráveitu komin út

**Veitur hafa gefið út bókina CLOACINA – Saga fráveitu. Þar rekur Guðjón Friðriksson sagnfræðingur skólpsögu höfuðborgarinnar síðustu liðlega 100 árin.**
**Bókin var prentuð í litlu upplagi en er öllum aðgengileg á rafrænu sniði inn á heimasíðu Veitna; www.veitur.is.**






***Myndin að ofan: Cloaca Maxima í Rómarborg og gyðjan Cloacina á peningi þess tíma. (Mynd af vefnum acientpages.com). Mynd til hægri: Forsíða bókar Guðjóns Friðrikssonar.***

## Hver var Cloacina?

Cloacina, sem við fáum hið alþjóðlega heiti klóaksins af, var rómversk gyðja sem ríkti yfir helsta skólpræsi borgarinnar eilífu. Hún var gyðja hreinlætis. Það var andans fólk af aðeins öðru tagi sem lét leggja fyrstu skólplögnina í Reykjavík. Nunnurnar í Landakoti fengu Knud Zimsen til að leggja skólplögn ofan af hæðinni niður Ægisgötuna í sjó fram. Það var nokkrum árum áður en þessi ungi verkfræðingur var orðinn borgarstjóri í Reykjavík og skrúfaði frá brunahana við Laugaveginn og markaði þar með upphaf vatnsveitu í Reykjavík. Skipuleg fráveita er að þessu leyti eldri en vatnsveitan.
Í þessari bók er saga fráveitu Veitna í Reykjavík og aðkoma fyrirtækisins að samskonar rekstri á Akranesi og í Borgarbyggð rakin. Áður hafa verið gefnar út sögur vatnsveitu, rafveitu og hitaveitu í borginni. Saga fráveitunnar, sem tekið hefur gríðarlegum framförum síðustu öldina, var útundan þar til nú.

## Höfundurinn Guðjón Friðriksson

Höfundur bókarinnar er Guðjón Friðriksson, sagnfræðingur og rithöfundur, sem á mikinn þátt í að halda sögu höfuðborgarinnar til haga. Hann var einn ritstjóra sögu Reykjavíkur, hefur skráð sögu margra húsa í bænum og nú nýverið sögu Faxaflóahafna. Honum er afar lagið að færa okkur fortíðina á lipru máli og lifandi frásögn hans prýða margar sjaldséðar ljósmyndir sem skila okkur ilminum af þessari merku sögu.

Já einmitt – Við smíðum brunna og tanka...

...eftir þínu höfði – alveg nákvæmlega eins og þú vilt hafa þá..!



O.S.N. ehf
– Iðavöllum 7b
– 230 Keflavík
– Sími 4 200 300

# Ísleifur Jónsson með nýjar dælur frá Grundfos til Veitna í Dalvíkurbyggð




Komið var að skiptum á vatnsdælum í Dalvíkurbyggð. Gömlu Grundfosdælurnar frá Ísleifi Jónssyni ehf. sem voru teknar upp höfðu verið í rekstri frá 1987 og því 34 ára gamlar. Og nú var komið að því að endurnýja með nýjum Grundfosdælum frá Ísleifi Jónssyni. Veitur og starfsmenn Dalvíkurbyggðar hófust handa 27. apríl 2020 við að skipta út fyrstu dælunni, svo strax daginn eftir 28. apríl 2020 skipti við út seinni dælunni, þannig voru komnar 2 af 4 nýjum dælum.

Það var svo 14. Maí 2021 skiptum við svo út þriðju dælunni og 18. Maí 2021 var sú síðasta skipt út. Dælt er upp úr jörðu á 6m dýpi og þegar mest á reynir afkasta dælurnar 200m$^3$ á kl.st. Vatnstankur er fyrir ofan byggðina á Dalvík og er hann í 60m hæð þannig við erum með 6bar á vatnsveitunni. Starfsmenn Veitna sem komu að verkefninu: Rúnar Helgi Óskarsson, verkstjóri, Elmar Örn Jónsson og Ari Trausti Ámundason. Fyrirtæki sem komu að Verkefninu: Vélvirki ehf. (Smíðavinna og uppsetning), Elektro Co ehf. (Rafmagn), Steypustöðin Dalvík ehf. (Kranavinna).

***Að neðan:* Ný Grundfos dæla á leið niður í brunninn.**





***Innfellda myndin:* Verið að hífa gömlu dæluna í burt.**
***Stóra myndin:* Ný Grundfosdæla hífð niður.**




aquatherm
hawle
MAINCOR
wilo
VATN & VEITUR
Smiðjuvegi 68 - 72 Kópavogi
Bolafæti 1 Reykjanesbæ




# Rehau Smartlink deilikistur frá BYKO lagnadeild

**Nýju Smartlink deilikisturnar frá Rehau eru afar einfaldar og þægilegar í uppsetningu, henta mismunandi rýmum vel og hægt að koma þeim fyrir á stöðum þar sem pláss er lítið. Tengingar inn á kistuna eru með 25 mm smart tengistykkjum og tengingar út eru með 16-20 mm smart tengistykkjum.**

Deilikistan er með 9 rásum, sem samanstanda af 5 bláum 16-20 mm fyrir kalt vatn og 4 rauðum 16-20 mm fyrir heitt vatn. Hver rás er með sér kúluloka úr Polyphenylsulfone (PPSU) efni. Hægt að nota smart lok ef ekki á að nota allar rásir á deilikistunni, eins er hægt að fá sérsniðna hlífðarplötu framan á deilikistuna. Einfalt er að bæta við deilikistu ef þörf er á fleiri stútum.

Nýstárleg tengistykki Rehau Smartlink bjóða upp á fljótlega, einfalda og örugga leið til að tengja deilikistuna, þar sem það tekur aðeins nokkrar sekúndur að tengja inn á hverja rás.

Tengistykkin eru fest með öryggispinna á kistunni sem auðveldlega er hægt að aftengja ef upp koma vandamál og/eða einhverju þarf að breyta. Þetta býður upp á mun auðveldara aðgengi fyrir píparann, sem sparar tíma og vinnu. **Nánari upplýsingar: https://byko.is/deilikistur.**

GÆÐI – ÖRYGGI – ENDING

Biral




*Fagmenn velja BIRAL hringrásardælur*

VATNSVIRKINN
FAGVERSLUN FYRIR FAGMENN

Skemmuvegi 48 - 200 Kópavogur – Sími 510 1400 – www.vatnsvirkinn.is




DALVEGI 10-14 | KÓPAVOGI | SÍMI 510 5050 | FALKINN.IS | ISMAR.IS

FÁLKINN
ÍSMAR



OLÍUSKILJUR OG ROTÞRÆR

Íslensk hönnun, framleiðsla og gæði.

*Fráveitulausnir og ker:* Völuteig 31, 270 Mosfellsbæ, Sími: 561 2211
*Húseinangrun og frauðkassar:* Grænásbraut 501, 262 Reykjanesbæ, Sími: 561 2210

BORGARPLAST 50
1971–2021


RADSON
áreiðanlegur hitagjafi
°CLEVER
LÁGHITA MIÐSTÖÐVAROFNAR
10
YEAR QUALITY GUARANTEE
10 ára ábyrgð
Mest seldu ofnar á Norðurlöndum
ÍSLEIFUR JÓNSSON
Gæði fara aldrei úr tísku
Draghals 14 - 16
110 Reykjavík
Sími 4 12 12 00
Fax 4 12 12 01
www.isleifur.is


REIKNUM MEÐ FRAMTÍÐINNI
TRYGGÐU ÞÉR 2% LAUNAHÆKKUN
MEÐ SÉREIGNARSPARNAÐI
Kynntu þér málin á birta.is
BIRTA
LÍFEYRISSJÓÐUR
Sundagörðum 2 I 104 Reykjavík I 480 7000 I birta.is


Íslenska
frárennslisrörið
Vöruhús Set í Reykjavík
Klettagörðum 21
Sími: 480 2700 | sala@set.is | www.set.is
Set
Set ehf • Röraframleiðsla


Símenntun í iðnaði
Hugaðu að þinni símenntun og kynntu þér fjölbreytt námskeið sem í boði eru.
NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS
NÁMS- OG STARFSRÁÐGJÖF
NÁMSSAMNINGAR OG SVEINSPRÓF
TÖLVUNÁMSKEIÐ
TÖLVUSTUDD HÖNNUN
BYGGINGA- OG MANNVIRKJASVIÐ
HÁRSNYRTINÁMSKEIÐ
BÍLGREINASVIÐ
MATVÆLA- OG VEITINGASVIÐ
MÁLM- OG VÉLTÆKNISVIÐ
PRENTTÆKNISVIÐ
IÐAN
fræðslusetur
www.idan.is


STOÐ OG STYTTA HÚSBYGGJENDA
• Álpallar • Vinnupallar, úti og inni • Kerfispallar
• Hjólapallar, einfaldir og tvöfaldir • Víralyftur
• Tröppur & stigar í úrvali
• Loftastoðir • Net á vinnupalla
Það er yðar hagur að skipta við fagmenn!
STOÐ pallaleiga ehf. – Tunguháls 17 – 110 Reykjavík – Sími 571 0600 – Fax 587 5110 – www.pallaleiga.is – Netf. pallaleiga@pallaleiga.is
STOÐ
PALLALEIGA